

Snýst ekki um konu heldur reynslu



WOW air auglýsti um helgina eftir konu í stjórn félagsins en hinn 1. september taka gildi ný lög á Íslandi sem kveða á um að 40% stjórnarmanna skuli vera konur. Auglýsing WOW hefur vakið athygli og þegar hafa borist nokkrar umsóknir, segir Liv Bergþórsdóttir stjórnarformaður WOW.

Samkvæmt lögum um kynjakvóta í stjórnnum verður skylt frá og með 1. september að hlutfall hvors kyns sé að lágmarki 40% í stjórnnum lífeyrissjóða og stærri fyrirtækja. Þetta á við um alla lífeyrissjóði, hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og opinber hlutafélög þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn á ársgrundvelli.

KPMG tók saman hinn 1. september í fyrra, einu ári áður en lögin taka gildi, hversu margar konur vantar í stjórn félaga sem falla undir ákvæði laganna. Í ljós kom að það vantar 223 konur í stjórnir fyrirtækja og lífeyrissjóða til að 40% kynjakvóta verði náð í haust. Nú eru flest fyrirtæki að undirbúa aðalfund ársins og ljóst að í mörgum þeirra þarf að hugsa stjórn og samsetningu þeirra upp á nýtt.

Auglýsing eykur líkur á fjölbreyttari umsóknum

Liv segir að það vanti einn stjórnarmann hjá WOW þar sem Björn Ingi Knútsson muni fara úr stjórn félagsins er hann tók við sem framkvæmdastjóri flugrekstrar sviðs WOW air. Þau hafi því talið það rétta tímann nú að leita eftir annarri konu í stjórn WOW og það með því að auglýsa eftir konu sem er með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af flugrekstri og eða ferðaþjónustu. Því þetta snúist ekki aðeins um að fá konu í stjórn heldur manneskju í stjórn sem hefur þekkingu og reynslu af þeim rekstri sem WOW air er í.

Auðvitað hafi þau getað leitað til kvenna sem þau þekkja en með því að auglýsa eru líkur á að konur sem hafi reynslu og þekkingu á þessu sviði hafi samband, segir Liv.

Liv segir að hjá WOW air sinni konur stjórnunarstörfum jafnt á við karla og hún segist vonast til þess að nýju lögin verði til þess að fleiri fyrirtæki fái konur í stjórnunarstörf, það er efsta lag stjórnunar innan fyrirtækjanna, svo sem forstjóra og framkvæmdastjóra. Ekki bara þá sem sitja í stjórninni og koma ekki að daglegum rekstri þeirra.

Í Noregi sé reynslan því miður sú, að sögn Livar, að þrátt fyrir að lög um kynjakvóta hafi verið í gildi þar í töluverðan tíma hafi það ekki fjölgað konum í stjórnunarstörfum hjá fyrirtækjunum þó svo að skilyrðum um kynjakvóta sé náð hjá stjórnnum þeirra.

Að sögn Livar er það ekki síður mikilvægt að jafnræði sé innan fyrirtækjanna sjálfra heldur en í stjórnnum þeirra. Eins að yfirstjórnin endurspegli þekkingu á þeim rekstri sem félagið er í hvort sem viðkomandi stjórnendur séu karlar eða konur.

Liv er framkvæmdastjóri farsímafélagsins Nova og hefur verið það frá stofnun félagsins. Að hennar sögn þarf hins vegar ekki að gera neinar breytingar á stjórn þess félags þar sem tveir karlar sitja í stjórn Nova og ein kona, Ásdís Halla Bragadóttir.

Samkvæmt samantekt KPMG fellur 321 fyrirtæki undir löggjöfina en þar af uppfylla 152 fyrirtæki þau skilyrði sem sett eru, eða 47%. Hins vegar uppfylla 169 fyrirtæki ekki skilyrðin eða 53%. Hjá fyrirtækjunum vantar 202 konur í stjórn og tvo karla en heildarhlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja sem falla undir löggjöfina er 21%.

Ef horft er til stjórna lífeyrissjóða er heildarhlutfall kvenna í stjórnnum lífeyrissjóða 33,3%. Hjá lífeyrissjóðunum vantar 21 konu í stjórn og einn karl.



Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova og stjórnarformaður WOW air. mbl.is/Styrmir Kári